



Til:

Efni:

Upplýsingar:

Forsætisnefnd

Fw: Verklagsreglur um samskipti umboðsmanns borgarbúa við stjórnkerfis - og lýðræðisráð, sa
18.09.2017

Sent: 19.09.2017 10:35:24 af Sandra Dröfn Gylfadóttir, Málsnúmer: R17020227, Bréfalyklar: Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar

Tilvísun í mál: R17020227

Góðan daginn

Meðfylgjandi eru verklagsreglur um samskipti borgarbúa við stjórnkerfis - og lýðræðisráð sem samþykktar voru á síðasta fundi ráðsins þann 18. september sl. Sendist hér með til upplýsinga.

Bestu kveðjur,
Sandra Dröfn Gylfadóttir

Lögfræðingur/Legal advisor
Verkefnastjóri stjórnsýslumála
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara/
Office of the Mayor and Chief Executive Officer
Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall
Sími/Tel. + 354 411-4505
Netfang/e-mail: sandra.drofn.gylfadottir@reykjavik.is

Bréf

Verklagsreglur um samskipti umboðsmanns borgarbúa við stjórnkerfis - og lýðræðisráð, samþykktar 18.09.2017

Málsnúmer: R17020227

Númer skjals:

Skráð: 19. september 2017

Eigandi skjals: Sandra Dröfn Gylfadóttir

Auðkenni

Efnisflokkur skjals: Almennt

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Nafn:

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:



Verklagsreglur um samskipti umboðsmanns borgarbúa við SKL - samþykkt í SKL 18.09.2017.pdf

Verklagsreglur
um samskipti umboðsmanns borgarbúa
við stjórnkerfis- og lýðræðisráð

1. gr.

Umboðsmaður borgarbúa er sérstök eining í skipuriti Reykjavíkurborgar með sjálfstæðan fjárhag. Umboðsmaður er ráðinn til starfa af borgarráði. Hann er þó sjálfstæður í störfum sínum gagnvart allri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og óháður fyrirmælum um einstök mál.

Um störf umboðsmanns gildir samþykkt fyrir umboðsmann borgarbúa, en þar kemur fram að umboðsmaður heyrir stjórnskipulega undir stjórnkerfis- og lýðræðisráð.

Verklagsreglum þessum er ætlað að skilgreina hvað í þessu felst og tryggja óhæði umboðsmanns gagnvart ráðinu.

2. gr.

Verksvið og hlutverk stjórnkerfis- og lýðræðisráð kemur fram í samþykktum ráðsins. Hlutverk stjórnkerfis- og lýðræðisráðs gagnvart umboðsmanni borgarbúa er m.a. að taka við ábendingum, álitum og skýrslum frá umboðsmanni borgarbúa, hafa yfirsýn yfir starfsemi hans, sem og fylgjast með því að ábendingum hans sé fylgt markvisst eftir.

3. gr.

Umboðsmaður borgarbúa skal í byrjun hvers starfsárs leggja starfsáætlun sína fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð. Umboðsmaður skilar ráðinu skýrslu árlega um starfsemi sína á liðnu starfssári, eigi síðar en 15. september ár hvert og kynnir hana á fundi ráðsins. Þess utan mætir umboðsmaður á fund ráðsins minnst ársfjórðungslega til að fara yfir starfsemi sína, helstu mál sem í vinnslu eru hjá embættinu og hverjar þær ábendingar sem hann telur þörf á að koma á framfæri gagnvart ráðinu. Slíkar kynningar geta eftir atvikum farið fram munnlega eða með skýrslugjöf. Umboðsmaður skal upplýsa stjórnkerfis- og lýðræðisráð um veruleg álitamál eða vandkvæði sem fram koma við athuganir hans á stjórnsýslu borgarinnar.

4. gr.

Fulltrúar sem sitja fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs geta samkvæmt fundarsköpum brugðist við þeim ábendingum sem umboðsmaður kemur á framfæri á fundi ráðsins með formlegum bókunum. Með því geta fulltrúar ráðsins lýst yfir skoðunum á ábendingum umboðsmanns, sett þær í samhengi, dregið af þeim ályktanir og beint tilmælum til aðila innan borgarkerfisins út frá þeim. Fulltrúar ráðsins skulu gæta sérstaklega að faglegu sjálfstæði umboðsmanns í slíkum tilvikum. Einnig geta þeir beint tilmælum til umboðsmanns borgarbúa í samræmi við samþykkt fyrir embættið, þó ávallt sé ljóst að hann er óháður fyrirmælum frá öðrum.

5. gr.

Fulltrúar í stjórnkerfis- og lýðræðisráði skulu, í samræmi við lög og samþykktir borgarinnar, forðast hagsmunaárekstra og víkja sæti á fundi ef fjallað er um mál sem þeir sjálfir eða aðilar þeim tengdir eru aðilar að. Í opinberum málflutningi sínum skulu fulltrúar ráðsins gæta sérstaklega að óhæði umboðsmanns borgarbúa og mikilvægi trúverðugleika og ásýndar embættisins og samstarfs hans við ráðið út á við.

6. gr.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að verkaskipting milli umboðsmanns borgarbúa og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sé samvinnuverkefni í stöðugri mótun milli beggja aðila. Mikilvægt er þó að allar ákvarðanir um verkaskiptingu og hlutverk séu teknar með formlegum og gagnsæjum hætti.

Samþykkt í stjórnkerfis- og lýðræðisráði 18. september 2017.